

Ed. 307. Frumvarp til laga [254. mál]

um breytingu á lögum nr. 91/1982, um málefni aldraða, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986.)

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 10. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 116/1985:

1. Í stað „735 kr.“ í 2. másl. 1. tölul. 1. mgr. komi: 1500 kr.
2. Í stað „122 058 kr.“ í 3. másl. 1. tölul. 1. mgr. komi: 217 460 kr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu gjalda á árinu 1987 vegna tekna á árinu 1986.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt 1. másl. 1. tölul. 10. gr. laga nr. 91/1982, um málefni aldraða, sbr. lög nr. 114/1984 og 116/1985, skulu fjárhæðir í 1. tölul. 10. gr. laganna breytast í samræmi við skattvísitölu eins og hún er á hverjum tíma, sbr. 121. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Þar sem ekki er gert ráð fyrir því að í fjárlögum ársins 1987 verði tilgreind skattvísitala er nauðsynlegt að breyta umræddum fjárhæðum í 1. tölul. 10. gr. laganna með sérstökum lögum.

Að mati Þjóðhagsstofnunar er gert ráð fyrir að tekjubreytingin milli árana 1985 og 1986 verði um 31%. Tekjubreytingin milli tekjuára er eins og kunnugt er sú viðmiðun sem skattvísitala grundvallast jafnan á sé hún á annað borð ákveðin.

Vegna breytinga á skattvísitölu á milli árana 1985 og 1986 hækkaði gjald á hvern gjaldanda samkvæmt lögum úr 735 kr. í um 1000 kr.

Ef miða ætti við sömu forsendur á komandi ári yrði gjaldið um 1300 kr. Allt frá því að Framkvæmdasjóður aldraða tók til starfa 1981 til þess að stuðla að byggingu húsnæðis og dvalarstofnana fyrir aldraða hafa umsóknir um styrki numið miklu hærri upphæðum en það fé sem til ráðstöfunar hefur verið og hefur þetta farið stighækkandi á undanförunum árum.

Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1987 er gert ráð fyrir að markaðar tekjur sjóðsins nemi 115 millj. kr. og er þá miðað við, vegna fenginnar reynslu, að það sé sú upphæð sem innheimtist sem lætur nærri að sé um 90%. Með hliðsjón af þeirri miklu þörf sem er fyrir fé úr sjóðnum er nauðsynlegt að hækka gjald á hvern gjaldanda úr 1000 kr. í 1500 kr.

Af þessu leiðir að gjald í Framkvæmdasjóð aldraða er hækkað úr 1000 kr. í 1500 kr. á næsta ári, auk þess sem þeir sem eru með lægri tekjuskattsstofn en 217 460 kr. verða undanþegnir gjaldinu, og er sú upphæð miðuð við hækkun um 31% milli árana 1985 og 1986 og sömu hækkun á komandi ári.